

BRIMLENDING

eftir Ólaf Hauk Símonarson

3. hluti þrileiksins

1. mynd

RÖDD BÖÐVARS: Menn hafa smíðað tæki sem gerir kleift að greina kvalaóp plantna þegar þær eru úðaðar með eitri. Hvernig má það vera að það nemið ekki neyðaróp yfir þveran svæfilinn?

2. mynd

Nótt. Dauft ljós Ásta og Sigurður sitja við sjúkrabeð. Böðvar liggur í rúminu og fær næringu í æð. Sigurður lítur á úrið.

SIGURÐUR: Ekki einu sinni ætt kaffi að hafa hér.

ÁSTA: Skiptir það nú máli?

SIGURÐUR: Það hefði ég haldið.

ÁSTA: Þú ert undarlegur.

SIGURÐUR: Bölvað Ríkisspítalahland.

ÁSTA: Æ, Sigurður, ég er þreytt.

SIGURÐUR: Farðu þá heim og leggðu þig.

ÁSTA: Heim?

SIGURÐUR: Já, ég sagði það, heim.

(ÞÖGN.)

SIGURÐUR: Þú kennir mér auðvitað um þetta, eins og allt sem úrskeiðis fer.

(ÞÖGN.)

Svona ónáttúra er ekki til í minni ætt.

(ÞÖGN.)

ÁSTA: Nei, að sjálfsögðu ekki.

SIGURÐUR: Ég hefði að minnsta kosti ekki verið með neitt hálfkák.

ÁSTA: Það segir sig sjálft.

(ÁSTA Snýr sér undan.)

SIGURÐUR: Ásta ...

ÁSTA: Ekki tala við mig!

SIGURÐUR: Eins og þú vilt.

(ÞÖGN.)

ÁSTA: Hann bærir á sér.

(Sigurður flýtir sér að rúminu, virðir fyrir sér þann sem í því liggur; snýr síðan frá, hristir höfuðið.)

(ÞÖGN.)

ÁSTA: Hann bærði varinnar. Mér heyrðist hann vera að segja eitthvað.

SIGURÐUR: Læknisfíflíð sagði að best væri að hann svæfi eins lengi og kostur er.

ÁSTA: Mér heyrðist hann segja eitthvað.

SIGURÐUR: Hann er steinsofandi af öllum þessum lyfjum.

ÁSTA: Kannski er hann að dreyma.

SIGURÐUR: Hvað ætli rænulaust fólk dreymi!

ÁSTA: Þá er ég víst orðin rugluð.

SIGURÐUR: Nei, þú ert ekkert ruglaðri en þú hefur alltaf verið. Þetta er óskhyggja.

ÁSTA: Kannski ætti ég að kalla á næturvaktina.

SIGURÐUR: Það hefur engan tilgang. Maðurinn sefur. Það er ekkert að gerast í tækjunum. Ætli honum veiti af að hvíla sig. Það er ekki á hverjum degi sem menn skera sig.

3. mynd

Sumarhús í útjaðri Kaupmannhafnar. Böðvar litast um í húsinu sem er gamalt og lítið. Hann lyftir lokinu á ferðatösku sem liggur á gólfinu. Dregur upp kvennærbuxur. Þegar af

Þeim. Gramsar í töskunni. Finnur vegabréf sem hann flettir. Lokar töskunni. Böðvar leggur Mahler á fóninn. Dregur kampavín upp úr plastpoka. Guðbjörg kemur inn. Hún er furðulostin yfir því sem fyrir augu ber, en reynir að láta sem minnst á því bera. Tekur af sér yfirhöfnina.

GUGGA: Hver ert þú?

BÖÐVAR: *(snýst á hæli, virðir Guggu fyrir sér.)*

GUGGA: Má ég vekja athygli á því að þetta er mitt hús. Hvernig komstu inn?

BÖÐVAR: *(veifar lykli.)* Með lykli.

GUGGA: Hver ert þú?

BÖÐVAR: Ég er ég. Og hér er ég. Og þó er ég hvorki ég né hér.

GUGGA: Nú, já?

BÖÐVAR: Ég er alltaf í þann veginn að vera ég sjálfur eða ég er ekki með sjálfum mér eða ég er utan við mig.

GUGGA: Hvar fékkstu þennan lykil?

BÖÐVAR: Ég er annað hvort að grannskoða fortíðina eða ég sveitist við að skipuleggja framtíðina. Ef ég fyndi einhvern tíma sjálfan mig er ég viss um að ég mundi ekki bera kennsl á mig og við færumst á mis. Kampavín, hvað viltu hafa það betra? Gjörðu svo vel. *(Hann réttir Guggu pappamál með kampavíni.)* Skál!

GUGGA: Nei, takk. Ég er með þetta hús á leigu.

BÖÐVAR: Minn lykill, mitt hús.

GUGGA: Það getur ekki verið. Komdu þér út!

BÖÐVAR: Sestu og þegiðu!

GUGGA: Hver ert þú eiginlega? Brýst hér inn ... hvar fékkstu þennan lykil?

BÖÐVAR: Eigum við ekki að tala um eitthvað skemmtilegra?

GUGGA: Hver ertu, maður!

BÖÐVAR: Ég er vindur í veröld hluta, fæddur af þörf. Skál!

GUGGA: Ég kalla á lögregluna. Hvar er síminn? Hvar settirðu símann?

BÖÐVAR: Mér eru flestir dagar fangelsi með skrölt sitt, heróp og asa.

GUGGA: Þú hræðir mig ekki svona auðveldlega.

BÖÐVAR: Þú ert engin gunga, Guðbjörg.

GUGGA: Hvernig veistu að ég heiti Guðbjörg?

BÖÐVAR: Það stendur í vegabréfinu þínu.

GUGGA: Varstu að gramsa í dótinu mínu. Þú ert algjört svín!

BÖÐVAR: Það er ógurlegt ástand á húsnæðismarkaðnum, Guðbjörg. Fjöldi manna sefur í öskutunnum, undir brúm, í tómunum járnbrautarvögnum. Við megum kallast hólpín að hafa fundið þennan sumarbústað.

GUGGA: Þú getur ekki verið hér.

BÖÐVAR: Leiðist þér Mahler? (*Gugga hristir höfuðið.*) Ég er með fulla tösku af Mahler. Faðir minn þolir ekki Mahler. Má ég spyrja þig einnar spurningar?

GUGGA: Hvað er það?

BÖÐVAR: Hefur þú enga kímnigáfu?

GUGGA: Ekki fyrir ruddaskap innbrotspjófa.

BÖÐVAR: Hér situr þú í besta yfirlæti og drekkur kampavín með innbrotspjófi sem hefur engu stolið. Lögreglan tæki ekki mark á þér. Reyndu heldur að kæra mig fyrir nauðgun.

GUGGA: Ég gæti vel trúað á þig að vera nauðgari.

BÖÐVAR: Í hreinskilni sagt var ég að vona að þú værir ljót, heimsk og leiðinleg. Þá hefði ég getað sparkað þér út með góðri samvisku.

GUGGA: Hvílikt göfugmenni!

BÖÐVAR: Frissi minntist ekki á neinn bölvaðan kvenmann. Að vísu var höfðinginn búinn að fá örlítið í annan fótinn þegar hann rétti mér lykilinn.

GUGGA: Friðbjörn framleigði mér húsið áður en hann fór. Þetta er mitt hús og þú skalt hypja þig héðan út! Hér bý ég!

BÖÐVAR: Ég líka!

GUGGA: Nei!

BÖÐVAR: Víst!

GUGGA: Nei!

BÖÐVAR: Víst!

GUGGA: Éttu skít!

BÖÐVAR: O, étt'ann sjálf! Meira kampavín?

GUGGA: Já, takk. (*Pögn.*)

BÖÐVAR: Þú ert viss um að þú sért raunveruleg? Ertu ekki bara einn af þessum skrítnu draumum sem mann dreymir? Má ég snert þig?

GUGGA: Nei.

BÖÐVAR: Snertu mig ekki og ég mun lifa áfram sem blekking.

GUGGA: Snertu mig ekki! Snertu mig ekki!

BÖÐVAR: Það er bannað að æpa í draumum! Nema það sé martröð! Þú ert ekki martröð, er það?

GUGGA: Láttu mig hafa lykilinn. Þú skalt koma þér út. Ég er að fara að sofa.

BÖÐVAR: Á ég að fara með vögguljóð fyrir þig?

GUGGA: Nei, takk.

BÖÐVAR: Olíulitt ský dregur fyrir mánann. Vængbrotnir hrafnar veltast um torgin. Skeggjuð tár engjast á öngli veiðimannsins. Milli augna fólksins blikar á hnífseggjar. Grænir burknar í stað fóta. Afhöggnir fingur standa í eyrum. Eldsbjarma slær á lakk bifreiðanna. Svartir nökkvar sigla hægan byr milli hnatta. Jafnvel hér inni kæfa innyfladrunur borgarinnar söng minn.

GUGGA: Ég vil að þú farir. Komdu þér út!

BÖÐVAR: Það koma ljót sár eftir eldhússveðjur, Guðbjörg. Holdið flettist í sundur og blóðið flæðir út um allt.

GUGGA: Komdu þér út, segi ég!

BÖÐVAR: Ætlarðu að láta stóra bróður þinn sem er í löggunni lemja mig? Er pabbi þinn sterkari en pabbi minn? Gættu þín bara, pabbi minn er kóngur og hann á banka! Hann á Selvogsbankann!

GUGGA: (ógnar Böðvari með hnífi.) Settu lykilinn þarna á borðið!

BÖÐVAR: Gættu þín, þetta er beittur hnífur!

GUGGA: Út! Út með þig!

BÖÐVAR: Það er maður með rottukjafi fyrir aftan þig, og annar með svínstrjónu og sá þriðji með hákarlstennur og hræðilegt apaandlit, það er heill dýragarður fyrir aftan þig! (*Guðbjörg lítur ósjálfrátt um öxl; Böðvar sparkar hnífnum úr höndum hennar; hendir Guðbjörgu því næst á gólfid.*) Þú neyddir mig til þess! Ég á herna heima.

GUGGA: Fantur! Fífl!

BÖÐVAR: Grenjuskjóða! Vælupoki! Hættu að grenja! Ég skal gefa þér nammi ef þú hættir að grenja. Þú mátt eiga ánamaðkana mína og teygjubyssuna ef þú hættir að grenja! Þú mátt búa með mér í húsinu mínu ef þú hættir að grenja!

GUGGA: Þú átt ekki neitt hús, drullupungurinn þinn!

BÖÐVAR: Það var rámur engill sem talaði, engill með slæma samvisku.

GUGGA: Ég vakna bráðum og þú verður ekki til.

BÖÐVAR: Víst er ég til!

GUGGA: Þú ert bara ljótur skuggi sem ljósið þurrkar út!

BÖÐVAR: Skuggi mundi ekki skera af sér fingur.

GUGGA: Nei, gerðu þetta ekki! Gerðu þetta ekki. Þú mátt vera hér í nótt! Þarna inni í herbergi. Þú getur sofið þar. Leyfðu mér sjá fingurinn, ertu brjáláður, af hverju gerirðu þetta? Það er sárabindi þarna í skápnum, ég get ekki horft á þetta!

BÖÐVAR: *Að segja upp öryggi sínu er hættulegt. Að ganga á vit einhvers er hættulegt. Að leggja líf sitt í vald einhvers er hættulegt.*

4. mynd

Böðvar liggur nakinn undir teppi. Dyrabjalla glymur.

BÖÐVAR: Nei, nei, hún býr ekki hér, hún er flutt! (*Dyrabjalla.*) Ef það er kjarnorkustyrjöld þá er ég hlutlaus! Segið mér úrslitin þegar allt er búið!

GUGGA: (*kemur inn um gluggann.*) Hvern fjandann á þetta að þýða?

BÖÐVAR: *Bannað að skriða inn um glugga!*

GUGGA: Hvað hefurðu gert við lásinn?

BÖÐVAR: Nei, Guðbjörg býr ekki hér. Jú, vissulega, geðug stúlka, aðlaðandi á sína vísu, en dálítið útskeif. Nei, hún hefur ekki lengur lykil að þessu sumarhúsi, að minnsta kosti ekki rétta lykilinn, því þetta er mitt hús!

GUGGA: *(skoðar lykilinn sinn.)* Á ég að trúa þessu? Ertu búinn að skipta um lás? Djöfulsins frekja! *(Kemur auga á myndavél á borðinu.)* Hver kom með þessa myndvél?

BÖÐVAR: Þú ert ekki eini aðilinn sem kemur og spyr eftir þessari Guðbjörgu. Ég var vakinn fyrir allar aldir af einhverjum slordóna sem sagðist heita ... hvað hét hann nú aftur?

GUGGA: Hannes?

BÖÐVAR: Þessi Hann - es sem var greinilega frá apaplánetunni Kúkakúka þar sem næringarhringrásinni hefur verið lokað og aparnir éta kúkinna hver úr öðrum, spurði hvort hér væri einhverja Guðbjörgu væri að finna. Ég sagði honum hvernig væri í pottinn búíð. Þá ákvað hann að skilja myndavélina eftir hér. Þú ættir hana, sagði hann.

GUGGA: Skildi hann eftir einhver skilaboð?

BÖÐVAR: Nei. Þegar ég sagði honum hver áform okkar væru þá hætti hann við að skilja eftir skilaboð.

GUGGA: Hvaða áform okkar, hvað meinarðu?

BÖÐVAR: Að fara til Afríku að leita að vatni á þurrkasvæðunum.

GUGGA: Heldurðu að svona bull dugi?

BÖÐVAR: Ég sagði honum líka að þú ætlaðir að fæða barnið áður en ég byrjaði í krabbameinsmeðferðinni.

GUGGA: Ertu snargeggjaður? Ég vona þín vegna, að þú sért að ljúga þessu öllu.

BÖÐVAR: Er þetta ekki andlaus froðusnakkur? Er honum treystandi til að skrifa minningargrein um mig? Hann lofaði því. Ég talaði svo fallega um þungun þína og sjúkdóm minn að hann táraðist. Hann sagðist aldrei mundu gleyma hvernig ég, þessi deyjandi maður, lýsti ást minni á þér.

GUGGA: Veistu, ég held í alvöru að þú sért ekki alveg normal.

BÖÐVAR: Hann - es. Froðusnakkur sýnist mér. *(Dregur bréfabunka undan teppinu og leggur á gólfid fyrir framan Guggu.)* Ástarbréfin frá honum álíka kynæsaði og

tilkynningar frá skattstjóra.

GUGGA: Varstu að lesa bréfin mín?

BÖÐVAR: Svona bréfum mundi ég henda óopnuðum öskutunnuna.

GUGGA: Hver djöfullinn gengur að þér, ertu geðveikur eða hvað?

BÖÐVAR: Ég held þetta verði strákur hjá okkur, mikill sólari með fina knattmeðferð, veiðimaður og örlagavaldur eins og Sigurður afi hans og alnafni.

GUGGA: *(byrjar að troða ofan í tösku.)* Þér tókst það sem þú ætlaðir þér.

BÖÐVAR: Þú vilt líka strák, er það ekki? En þá verður þú að vera ofan á, þú veist að þannig verða strákarnir til.

GUGGA: Ég óska þér til hamingju. Þér tókst það sem þú stefndir að. Þú skalt hafa þennan helvítis húskofa!

BÖÐVAR: Ég orti til þín ljóð í dag: Allt hefur gerst og allt á eftir að gerast, allt er eitt og eitt er allt, ljósið er myrkrið og myrkrið er ljós, þú fæðist áður en þú deyrð og deyrð áður en þú fæðist, ástin mín er hatur þitt og hatur þitt er ást mín, því allt er eitt og eitt er allt og allt hefur gerst og á eftir að gerast.

GUGGA: Þú ert frá einhverri hræðilegri plánetu.

BÖÐVAR: Vertu kyrr og gefðu mér líf.

GUGGA: Það er eitthvað sem stafar frá þér, eitthvað ógnvekjandi — eins og svart ljós.

BÖÐVAR: Ég skal fara. Húslykillinn er þarna á borðinu.

GUGGA: Bíddu. *(Dok.)* Þú getur verið í nótt. En svo ferðu í fyrramálið, er það ekki ljóst?

BÖÐVAR: Jú.

5. mynd

Gugga, Böðvar, Sigurður, Ásta og Brynja og Árni, foreldrar Guggu.

BRYNJA: Ég hafði reyndar ímyndað mér brúðkaup dóttur minnar með öðrum brag ... en ... unga fólkið dag ... það vill hafa þetta svona ... óformlegt.

SIGURÐUR: Séra Páll Pálsson í Vestmannaeyjum gifti okkur Ástu. Það var á Þjóðhátíðinni í Herjólfsdal 1947. Hann var hálf úrillur, karlskepnan þegar ég vakti hann.

En það var nú bara í nösunum á honum. Þegar hann var búinn að fá sér einn í hústjaldinu lék hann við hvern sinn fingur. Við gengum öll inn að Kaplagjótu. Séra Páll splæsti okkur saman þarna á klettasnösinni. Hér þarf ekkert orgelsuð, krakkar mínir, sagði hann, við höfum brimölduna og bjargfuglinn. Svo var skundað aftur inn í iðagrænan Dalinn og dansað fram á morgun.

BRYNJA: Er þetta satt, Ásta? Var þetta svona?

ÁSTA: Já, svona nokkurn veginn.

ÁRNI: Krakkar mínir, af hverju látið þið ykkur ekki detta eitthvað svona skemmtilegt í hug?

BÖÐVAR: Við erum hugmyndasnauga kynslóðin. Þið eruð búin að öllu. Það eru engar hugmyndir eftir handa okkur.

SIGURÐUR: Þar rataðist kjöftugum satt á munn.

BÖÐVAR: Við fáum ekki einu sinni að kasta fyrstu kjarnorkusprengjunni á saklaust fólk, það er búið að því, ykkar kynslóð gerði það.

SIGURÐUR: Þið hefðu aldrei haft manndóm í ykkur til þess.

ÁSTA: Sigurður, þetta er ágætt.

SIGURÐUR: Þessi hippalýður lætur sér ekki detta neitt annað í hug en að lifa á foreldrum sínum eins og blóðsugur og veifa blómum.

ÁRNI: Ég get tekið undir það.

BRYNJA: Er það ekki sjálfsögð skylda foreldra að styðja börn sín eftir mætti?

SIGURÐUR: Við sitjum uppi með herskara af ónytjungum. Það verður að horfast í augu við það.

(Stemmingin er orðin þung.)

ÁRNI: Jæja, Sigurður. Hefurðu gaman af laxveiðum? Ég geti boðið þér í Norðurána.

SIGURÐUR: Frekar rottuveiðar en laxveiðar.

ÁRNI: Nei, ég mundi nú ekki bjóða þér á rottuveiðar. Þú hugsar málið.

ÁSTA: Hvað giftuð þið Árni ykkur?

BRYNJA: Í Dómkirkjunni.

ÁSTA: Dómkirkjan – það er fallett hús.

SIGURÐUR: Tukthúsið við Skólavörðustíg þykir mér ólíkt fallegra, og minni hræsni innan veggja.

ÁRNI: Þú hefur ekki setið inni, Sigurður minn?

SIGURÐUR: Nei, ég hef enga hæfileika til að verða glæpamaður.

BRYNJA: Hvað heldurðu að þú eigir langt eftir í náminu, Böðvar?

BÖÐVAR: Ég bara veit það ekki.

BRYNJA: Nú skil ég ekki alveg. Þú hlýtur að vera í einhverjum áfanga.

BÖÐVAR: Kannski hef ég villst af leið.

BRYNJA: Villst af leið - hvað áttu við?

BÖÐVAR: Vandamálið er, frú Brynja, að því meira sem ég þefa af þessum svokölluðu sálarvísindum, þeim mun meiri líkur virðast mér á því að mannskepnan hafi alls enga sál.

ÁRNI: Maðurinn hlýtur að hafa sál. Persónulega finnst mér að nauðsynlegt að ímynda mér að ég hafi ég eina slíka - meira segja ódauðlega sál.

SIGURÐUR: Hvað andskotans máli skiptir það hvort mannskepnan hefur sál? Höfum við ekki fiskifræðinga sem aldrei finna neinn fisk, guðfræðinga sem aldrei tekst að sanna tilvist Guðs; varla er okkur vorkunn þó bætist við á framfærið fáeinir sálarlausir sálfræðingar.

BÖÐVAR: Ég bið um hníf nógu beittan til að skera gat í myrkrið, ég bið um afsteypu af angist minni svo ég geti mölvað hana mélinu smærra ...

GUGGA: Böðvar, er eitthvað að? Hvað er að?

BÖÐVAR: Ekkert. Það er ekkert.

BRYNJA: Sigurður, ég fann þig bæði í Bergsættinni og Vestur- Skaftfellskum ættum.

ÁRNI: Hún er öll í ættfræðinni, konan.

BRYNJA: Það hefur hingað til ekki þótt löstur á fólki að kunna skil á ættum sínum.

SIGURÐUR: Ég veit allt of mikið um mínar ættir, allt of mikið.

BRYNJA: Já, er það líka mögulegt?

SIGURÐUR: Amma mín á Eyrarbakkanum stóð á fjörukambinum með yngsta barnið á handleggnum og fimm önnur í kringum þegar eiginmaður hennar saup hel í brimgarðinum. Elsti sonur hennar drukknaði í Halaveðrinu. Sá næsti kom heim á einum fæti af því togvír hafði klippt undan honum löppina. Hún amma mín vissi ýmislegt um lífið, skal ég segja þér, og hún sagði það væri óskapnaður og þína vísast væri það djöfullinn sem stýrði öllu spilverkinu.

BRYNJA: Þér er ekki alvara Sigurður, að lífið sé bara óskapnaður og þína?

SIGURÐUR: Hún amma ól krógana sína upp í koti sem þið munduð ekki bjóða hundinum ykkar. Hún vann köld og gigtarkvalin í fiski hjá kaupmannsdjöflinum; en hún stóð keik og brotnaði aldrei því hún var raunsæ á lífið.

BRYNJA: Það eru breyttir tímar, Sigurður, þú verður nú að viðurkenna það.

SIGURÐUR: Jú, það eru breyttir tímar. Nú er miklu auðveldara að vera að ræfli.

(LÖNG ERFIÐ ÞÖGN.)

BRYNJA: Unga fólkið vill áreiðanlega fara að hvíla sig.

SIGURÐUR: Það er nægur tími til að hvíla sig í gröfinni. Árni bílasali, nú fáum við okkur í glas, kellingarnar og krakkarnir geta skriðið í bælið ef þau vilja. Komdu, fáum okkur almennilega í glas.

6. mynd

Gugga og Böðvar

BÖÐVAR: Það eru til tvennskona ástarævintýri: þau sem eru svo stutt að varla tekur því að byrja á þeim, og hin sem eru svo löng að enginn fæst til að taka þátt í þeim.

GUGGA: Hvernig verður okkar ævintýri, Böðvar?

BÖÐVAR: Línudans. Þér er boðið upp í ævilangan línudans án öryggisnets. Einasta umbunin er dýrkeypt reynsla. Ertu með?

GUGGA: Ég er dálítið lofthrædd.

BÖÐVAR: Ég elska stúlku sem hefur rauðar varir, hvítar tennur og svart hár, en hún er því miður blekking svo ég verð að láta mér nægja að elska stúlku sem hefur rauðar varir, hvítar tennur og svart hár.

GUGGA: Þú mátt ekki gera mig hrædda, þú verður að lofa því.

BÖÐVAR: Ég er ekki maður til að gefa loforð.

GUGGA: Elskarðu mig?

BÖÐVAR: Ást þeirra var eins og rauð slæða í dimmri nóttinni þar sem þau gengu á brún hengiflugsins ... Þar sem þau svifu fyrir svörtu hyldýpinu.

7. mynd

Sigurður, Brynja og Árni.

BRYNJA: Síðan hvenær þekkest þið tveir?

ÁRNI: Ég seldi honum bíl. Fyrir ótal mörgum árum. Fyrsta flokks amerískan kagga. Hann skoðaði bíllinn og sagði að hann væri ónýtur, helvítis ryðhrúga, ábyggilega búinn til úr mýrarrauða. Bölvaði bæði mér og bílnum í sand og ösku þar til ég var kominn með verðið niður úr öllu valdi. Ég reið ekki feitum hesti frá þeim viðskiptum.

SIGURÐUR: Þú hafir af mér sumarhýruna. Fjórir mánuðir á síld og hann Árni bílasali hirti það allt saman.

BRYNJA: Er ekki óþarfi að kalla manninn bílasala þótt hann hafi selt þér bíl fyrir mörgum áratugum.

SIGURÐUR: Árni er og verður aldrei annað en bílasali í mínum augum.

BRYNJA: Maðurinn hefur ekki komið nálægt bílasölu í tuttugu ár.

SIGURÐUR: Kjarni sölumennsku er alltaf sá sami; þú kaupir eitthvað á tæplega sannvirði og selur það aftur á rúmlega sannvirði.

BRYNJA: Það er fleira vinna en að draga fisk úr sjó.

SIGURÐUR: Hvað veist þú um það? Hefur þú staðið skjóli af lúkarskappa og migið í gula kösina í blóðgunarkassanum og pusið af hádekkinu lekið ofan í hausinn á þér? Hefur þú staðið á nærbrókunum uppi á dekki nýskriðin úr koju og skekið gulan dropann af tittlingnum á þér eftir hálf tíma blund í kojunni og þá er öskrað að láta trollið fara á tregfiski á kargabotni? Hefur þú skimað út um saltbólgnar glyrnurnar og séð ekkert nema grámyglu, ekkert nema grátt hvolfið yfir fúinni flís sem steypir stömpum á endalausum öldusköflum þrjúhundruð sextíu og fimm sólarhringa í fjörutíu ár?

BRYNJA: Nei, það hef ég reyndar ekki.

SIGURÐUR: Ég hélt ekki.

BRYNJA: En það gefur þér engan rétt til þess að tala af lítilsvirðingu um annað fólk og vera með eilífan dónaskap!

ÁRNI: Brynja mín, slökum nú á.

SIGURÐUR: Konan hefur rétt fyrir sér. Ég er mun geðveikari eru morðingjarnir á Litla-Hrauni, enda eru þeir yfirleitt náðaðir eftir 4—5 ár. Hvað er það annað en krónísk geðveiki að heyja stríð þar sem víglínan hreyfist aldrei þótt barist sé alla daga. Þess vegna skulu mínir drengir aldrei til sjós!

ÁRNI: Nei, það er ekki beint framtíð í því að vera að þvælast á sjó.

SIGURÐUR: Hann Árna veit hvað hann syngur. Enda gekk hann á burstuðum skóm úr leðri þegar ég gekk á svörtum gúmmítúttunum úr bíslöngum. Og svo hann seldi mér ónýtan bíl helvítis kvikindið. Hafði af mér vertíðarhýruna. Bölvaður ormurinn! Nú fer ég að míga.

BRYNJA: Þetta er algjör villimennska! Ég læt ekki bjóða mér svona framkomu!

ARNI: Þú ert ekki vön því að umgangast sjóara, Brynja mín. Þetta er bara talsmáti. Ég þekki þetta lið sunnan úr Keflavík. Vænstu kallar, en ótrúlegir strigakjafar. Þetta eru allt strigakjafar. Traustir menn, þeir bara tala svona.

BRYNJA: Mér er andskotan sama! Ég læt ekki bjóða mér þennan ruddaskap á mínu heimili!

SIGURÐUR: Jæja, nú er ég búinn að hrista úr skinnsokknum. Ég kann vel við fugla eins og hann Árna bílasala. Jafnvel þótt hann sé kominn á þing fyrir íhaldið, mannskepnan. Þú ert önnur dýrategund, vina mín. Þú ert hin þjóðin í þessu landi. Þú veist ekkert um hvað lífið snýst. Svo er bara að sjá hvoru megin hryggjar hún Gugga litla lendir. (*Við Árna.*) Árni bílaprangari, fylgdu mér til dyra svo ég taki ekki með mér þessa litlu vitglóru sem hér kann að leynast.

8. mynd

Böðvar og Gugga

GUGGA: Af hverju fórstu án þess að kveðja mig?

BÖÐVAR: Tími, fjarlægð, söknuður er efni í teppi að elskast á þegar fundum ber saman á ný.

GUGGA: Þú ert búinn að vera í burtu í þrjá daga, hvar varstu?.

BÖÐVAR: Undir stjörnuneti næturinnar þegar blóðkorn og bifreiðar hægja ferðina í umferðaræðum líkamans og ys borgarinnar hljóðnar finn ég þeim mun betur hve grimmilegar styrjaldir eru háðar á hnöttum líkama míns.

GUGGA: Hvar varstu?

BÖÐVAR: Ég veit það ekki.

GUGGA: Veistu það ekki?

BÖÐVAR: Nei.

GUGGA: Þér er ískalt! Leyfðu mér halda utan um þig. Segðu mér allt. Hvað er að?

BÖÐVAR: Mér líður mér eins og skrauthala í glerbúri sem allir flækingskettir hverfisins hafa safnast í kringum. Ég er óhultur í augnablikinu, en ég veit að þeir munu ná mér fyrir eða síðar ...

GUGGA: Er ég ekki góð við þig?

BÖÐVAR: Jú.

GUGGA: Af hverju ertu ÞÁ aldrei glaður?

BÖÐVAR: Ég veit það ekki. Ég vil vera glaður. Það er bara eitthvað ...

GUGGA: Hvað - eitthvað - hvað? Reyndu að tala. Við verðum að tala saman.

BÖÐVAR: Mér finnst ég ekki vera góður og þess vegna er ég ekki góður heldur illur.

GUGGA: Þú ert ekki illur!

BÖÐVAR: Þér finnst þú vera góð og þess vegna ertu góð, og af sjálfu leiðir að allir elska þig. En ég er illur.

GUGGA: Þetta er misskilningur, Böðvar, þú ert ekki illur, ég veit það. Þú mátt ekki leyfa þér að halda þetta um sjálfan þig, þú verður að berjast gegn þessu svarta, vonða.

BÖÐVAR: Ég veit ... ég vil elska þig. Ég vil vera góður. Það er bara eitthvað ...

GUGGA: Eitthvað hvað? Hvað er það? Hvað á ég að spyrja oft að þessu?

BÖÐVAR: Ég veit ekki hvað það er. Það kemur og fer. Mér finnst ég vera að kafna. Ég verð að komast út, burt!

GUGGA: Burt frá hverju?

BÖÐVAR: Burt frá sjálfum mér.

GUGGA: Vertu kyrr, hlustaðu á mig, hlustaðu á mig, horfðu í augun á mér: ég er með gjöf handa þér. Handa okkur. Ég var ofan á manstu, það gerðist þá, það verður strákur eins og þú sagðir. Nýr landnámsmaður plánetunni Rassíbala, manstu, á plánetunni okkar!

9. mynd

Heima hjá Ástu og Sigurði

ÁSTA: Þú vilt kannski vita hver er kominn til landsins.

SIGURÐUR: Hvar er hann?

ÁSTA: Niðri hjá Jónu.

SIGURÐUR: Hvað er hann að vilja þar?

ÁSTA: Bara að heilsa upp á gömlu konuna.

SIGURÐUR: Hvað er hann vilja hér um miðjan vetur? Er hann ekki í skóla?

ÁSTA: Hann er draga saman efni í lokaritgerð.

SIGURÐUR: Lokaritgerð. Á maður að trúá því?

BÖÐVAR: Sæll, pabbi.

SIGURÐUR: Sæll.

ÁSTA: Ertu ekki svangur, Böðvar minn?

BÖÐVAR: Nei, Jóna gaf mér súkkulaðitertu.

SIGURÐUR: Hún er kannski líka að skrifa fyrir þig lokaritgerðina?

BÖÐVAR: Hún færi létt með það, kannski í samvinnu við þig.

SIGURÐUR: Hvernig er hægt að gaufa í sjö ár við nám sem almennt er talið fjögurra ára nám? Þú ert kannski á sérhannaðri braut fyrir hægginga og treggáfaða?

BÖÐVAR: Sparkaðu í mig! Sparkaðu endilega í mig. Láttu mig finna fyrir því, þér finnst svo sjálfsagt að sparka í liggjandi mann. Sparkaðu í mig! Þá líður þér svo miklu betur!

SIGURÐUR: Það er sparkað í þá sem vilja láta sparka í sig, þú ættir að vera búinn að gera þér grein fyrir því. *(Sigurður fer út.)*

BÖÐVAR: Mamma, mamma, hvað hef ég gert honum?

ÁSTA: Hann hefur bundið vonir við þig.

BÖÐVAR: Ég vil ekki láta binda vonir við mig!

ÁSTA: Hann á erfitt, Böðvar.

BÖÐVAR: Á hann erfitt?

ÁSTA: Já, hann er hræddur. Það er allt að breytast í kringum hann. Hann skilur ekki allar þessar breytingar. *(Dok.)* Ertu ekki auralaus?

BÖÐVAR: Auðvitað er ég auralaus.

(ÁSTA dregur seðlavöndul upp úr svuntuvasanum. Böðvar hristir höfuðið til að mótmæla.)

BÖÐVAR: Nei, mamma.

ÁSTA: Taktu við þessu. Ég á sjálf þessa peninga. Er ekki allt í lagi að öðru leyti?

BÖÐVAR: Að öðru leyti? Jú. *(Þögn.)* Gugga er ólétt.

ÁSTA: Eigiði von á barni?

BÖÐVAR: Febrúar. Það verður strákur, miðframherji, hann sparkar þannig.

ÁSTA: Ó, ég er svo glöð, ástin mín!

(ÁSTA hjúfrar sig að BÖÐVARI sem tekur snögg után um móður sína, en fjarlægist hana svo aftur jafnsnögglega.)

BÖÐVAR: Ég verð að hlaupa, mamma. Hvenær fer kallinn aftur á sjóinn?

ÁSTA: Í kvöld.

BÖÐVAR: Ég lít inn þegar hann er farinn.

(Böðvar hverfur. Sigurður birtist.)

SIGURÐUR: Hvar er hann?

ÁSTA: Sigurður, þú mátt ekki hrekja hann frá okkur,.

SIGURÐUR: Já, ég vil engan væl. Menn verða að standa í lappirnar.

ÁSTA: Fyrsta barnabarnið okkar er á leiðinni, Sigurður.

(Þögn.)

SIGURÐUR: Á hann nokkurn pening fremur en fyrri daginn?

ÁSTA: Peningar leysa ekki allan vanda.

SIGURÐUR: Það er eitthvað nýtt ef þeir gera það ekki.

ÁSTA: Hann vill frekar liggja niðri hjá Jónu, en hér.

SIGURÐUR: *(Dregur upp seðlaveski.)* Ekki ætla ég að fara að elta hann uppi. Láttu hann hafa þessa peninga, ef þú sérð hann. Það er óþarfi að segja honum að það sé frá mér. *(Réttir Ástu peninga.)* Segðu bara að þetta sé eitthvað sem þú hafir lumað á.

10. mynd

Böðvar og Gugga.

BÖÐVAR: Einu sinni var kiðlingur sem átti heima í raðhúsi í Kiðagili. Dag nokkurn mætti kiðlingurinn, sem hét Kibba Kibba, stórum blóðþyrstum úlfi í sauðargæru. Ég er úlfur í sauðargæru, sagði úlfurinn.

GUGGA: Þú ert sauður, sagði Kibba Kibba.

BÖÐVAR: Ég ætla að éta þig í einum munnbita! sagði úlfurinn.

GUGGA: Þú hefur ekki geð í þér til þess að éta mig, sagði Kibba Kibba kiðlingur, af því ég elska þig og maður étur ekki þann sem maður elskar.

BÖÐVAR: Þar skjátlast þér, Kibba Kibba kiðlingur! Úlfurinn étur einmitt þá sem hann elskar með afskaplega góðri lyst.

GUGGA: Ef því er þannig varið, ef þú elskar mig og þessu er svona varið, þá éttu mig!

BÖÐVAR: Hí, hí, hó, hló úlfurinn, þú ert svo vitlaus að ég lamast af hlátri! Hí, hí, hvernig get ég étið þig lamaður af hlátri?

GUGGA: Það geturðu ekki. Þess vegna skaltu bara elska mig án þess að éta mig úlfur minn!

BÖÐVAR: Og úlfurinn elskaði Kibbu Kibbu kiðling í fjörutíu daga og fjörutíu nætur án

Þess að éta hana. En þá, skyndilega, fann hann aftur til svengdar samkvæmt eðli sínu. Ég er rosalega banhungraður! öskraði úlfurinn. Og nú ætla ég að gleypa þig!

GUGGA: Það geturðu ekki, munnurinn á þér hefur minnkað.

BÖÐVAR: Nú, hver skrambinn! æpti úlfurinn! Þá neyðist ég til að rífa þig fyrst í tætlur með beittu klónum mínum!

GUGGA: Það geturðu ekki af því ég hef klippt neglurnar og sorfið.

BÖÐVAR: En ég er blóðþyrstur úlfur í sauðargæru og ég ríf út úr munnvikunum á mér þar til ég get gleypi þig!

GUGGA: En varla hafði úlfurinn sleppt orðinu þegar Kibba Kibba kiðlingur þrýsti kossi á munninn á honum svo mjúkum og heitum að úlfurinn breyttist í lítið lamb sem flaðraði upp um Kibba Kibb og sleikti á henni andlitið og magann og bakið og hitt, þú veist. Og þau elskuðust í aðrar fjörutíu nætur og fjörutíu daga.

BÖÐVAR: *En þá* loks rankaði úlfurinn við sér og skildi að hér var alvara á ferðum. Heilinn í honum var að breytast í rauðgraut með rjóma. Hann gat ekki lengur hugsað heila úlfa-hugsun, heldur bara einhverjar lamba-hugsanir. Nei, nei, hingað og ekki lengra! öskraði úlfurinn. Nú dríf ég mig úr þessari bannsettu sauðargæru og fer á sjóinn með alvöru sæúlfum! En hvað var nú þetta! Sauðargæran var gróin föst! Úlfurinn rembdist og rembdist uns hann varð eins og bandaríski fáninn í framan, en allt kom fyrir ekki, sauðagæran var gróin föst við úlfinn.

Með göldrum þínum hefur þú breytt mér í sauð, Kibba Kibba kiðlingur! kveinaði úlfurinn. Ég er ekki lengur grimmur, sjálfstæður, hugsandi úlfur, heldur heimskur sauður sem lætur sér nægja að kroppa grasið á bæjarhólnum á sumrin og leitar skjóls í fjárhúsinu á veturna – og kannski eitt haustið, kemur maðurinn og flytur hann í sláturhúsið!

GUGGA: Nei, þú ferð ekki í sláturhúsið, sauðurinn minn. Hér ætla allir góðir við þig alveg þangað til þú deyrð úr elli.

BÖÐVAR: Ég vil ekki verða þægur náttúrulaus sauður sem kroppar gras á bæjarhólnum!

GUGGA: Viltu frekar grimmur, einmana úlfur vagandi um eyðimörkina eirandi engu er á vegi þínum verður?

BÖÐVAR: Af tvennu illu, já!

GUGGA: Hvert ertu að fara?

BÖÐVAR: Ég er að kafna! Ég verð að anda! Ég verð að komast út!

11. mynd

Árni, Brynja, Gugga og Böðvar.

ÁRNI: (*ekur vöggu inn á sviðið.*) Vaggan var hreint ekki dýr, ef það gerir einhverjum rórra í sinni að vita það. (*Dok.*) Hvar er Böðvar?

GUGGA: Hann skrapp út í Assistentkirkjugarð að fá sér ferskt loft.

ÁRNI: Er loftið svona ferskt í kirkjugarðinum?

GUGGA: Pabbi, maðurinn má fá sér ferskt loft, er eitthvað athugavert við það?

ÁRNI: Nei, auðvitað ekki. Það er bara skrítið að hann skuli alltaf þurfa að fá sér ferskt loft þegar okkur ber að garði.

BRYNJA: Var hann ekki ánægður með þvottavélina?

GUGGA: Já, mamma mín. Við erum bæði mjög þakklát. Þakka ykkur fyrir enn og aftur.

BRYNJA: Hann sýndi nú engin sérstök viðbrögð þegar við komum með vélina. Maður hefði kannski búist við ... ég meina - hann hefði kannski getað sagt eitthvað. Þakka ykkur fyrir.

ÁRNI: Við erum ekki að snapa þakklæti, það er dóttir okkar sem á í hlut. En drengurinn er stórbokki og þverhaus eins og hann á ætt til.

BRYNJA: Fyrirgefðu, en ég skil einfaldlega ekki svona fólk.

ÁRNI: Það er orðið ljóst, Brynja mín.

BRYNJA: Ég er kannski ekki sérlega skynug manneskja, en þegar dóttir mín er ekki glöð fer það ekki fram hjá mér. Þá vil ég fá skýringar.

GUGGA: Þetta er tilgangslaust mamma. Hættu þessu.

BRYNJA: Af hverju á ég að hætta? Ég er móðir þín. Hvernig getur kona elskað mann eins og hann Sigurð? Ég spyr?

ÁRNI: Hvað kemur Sigurður þessu máli við?

BRYNJA: Sjáiði það ekki, sjáiði ekki hvernig sá maður hefur eitnað allt út frá sér!

ÁRNI: Brynja, nú er nóg komið.

BRYNJA: Nei, leyfðu mér bara að segja mína skoðun, nú er komið að því! Þetta eru sjálfelskir dónar sem hata allt og alla og ég ætlast til þess að allir dansi eftir þeirra pípu!

GUGGA: Ég held þið ættuð að fara núna.

BRYNJA: Ég hefði getað sagt þér það strax í upphafi, þetta er vonlaust!

GUGGA: Ætliði að slíta mig í sundur! Fariði núna! Geriði það!

ÁRNI: Komdu Brynja. Vertu sæl, elskan mín.

BRYNJA: Ég vil fá að vita hvað er að gerast.

ÁRNI: Komdu kona.

(Árni tekur af skarið og leiðir Brynju út. Böðvar birtist.)

GUGGA: Ég þarf á þér að halda núna. Nú verður allt að vera í lagi.

BÖÐVAR: *(bregður á loft bankabók.)* Hvað er þetta?

GUGGA: Þetta er bankabók.

BÖÐVAR: Innistæðan hefur ekki verið hreyfð í sex mánuði. Hvaða peningar eru þetta?

GUGGA: Þetta er varasjóður.

BÖÐVAR: Varasjóður? Varasjóður, til hvers?

GUGGA: Ef eitthvað kemur upp á: slys, veikindi. Kannski langar okkur einhvern tíma að kaupa eitthvað. Bíl eða eitthvað.

BÖÐVAR: Hvaðan koma þessir peningar?

GUGGA: Móðir mín gaf mér þá með því skilyrði að þeir færu ekki í dagleg útgjöld. Varasjóður, skilur þú.

BÖÐVAR: Þegar maður á ekki fyrir mat í kjaftinn á sér situr þú á digrum varasjóðum?

GUGGA: Bankabókin er til þess að fullnægja minni öryggisþörf. Ég er svona gerð, Böðvar. Ég þarf að eiga varasjóð.

BÖÐVAR: Ég gef andskotann í alla varasjóði. *(Hann grýtir í hana bankabókinni.)* Og hvenær drulla þessir dularfullu foreldrar þínir sér heim aftur? Þurfa þau að koma hér á hverjum degi?

GUGGA: Finnst þér það óeðlilegt að þau heimsæki mig?

BÖÐVAR: Ég vil ekki vera undir eftirliti.

GUGGA: Mitt líf stendur í skuld við foreldra mína. Þannig lít ég á málin.

BÖÐVAR: Ég skulda engum neitt.

GUGGA: Jú, þú skuldar þeim mig!

BÖÐVAR: Foreldrar eiga að taka sér laxinn til fordæmis sem drepst þegar hann er búinn að hrygna!

(Böðvar hækkar Mahler upp úr öllu valdi. Árni og Brynja birtast.)

ÁRNI: Sæll, Böðvar. Hvernig gengur með ritgerðina?

BÖÐVAR: Deildarforsetinn er mjög jákvæður. Áhugavert viðfangsefni, segir hann ... samband föður og sonar... Biblían, Kóraninn, Freud, Reich og Jung... gengur bara vel. Sigurður, faðir minn tók eiginlega að sér að skrifa ritgerðina fyrir mig.

BRYNJA: Hann pabbi þinn! Ætlar hann að skrifa ritgerðina?

BÖÐVAR: Hann leggur til þáttinn um það hvernig föðurímyndin í víðasta samhengi mótar persónuleika sonarins. Guð og Jesú og allt það.

ÁRNI: Við erum að fara með kvöldvélinni, vina mín. Við ætluðum bara að kveðja ykkur.

GUGGA: Þakka ykkur fyrir allt, elsku pabbi minn.

ÁRNI: Nefndu það ekki, okkar er ánægjan. Þú lætur okkur bara vita ef við getum eitthvað gert.

BRYNJA: Þú hringir strax ef eitthvað er.

ÁRNI: Þú verður góður við dóttur mína, ungi maður, hún á það skilið? Erum við ekki sammála um það?

BÖÐVAR: Fáum við ekki öll það sem við eigum skilið?

BRYNJA: Þegiðu eiturvíkindið þitt!

(Mahler á fullu.)

GUGGA: Þá eru þau farin, líður þér ekki betur.

12. mynd

Árni, Sigurður.

ÁRNI: Við vorum að koma frá Kaupmannahöfn. Ég þarf að tala við þig um strákinn þinn.

SIGURÐUR: Talaðu. Ekki banna ég þér það.

ÁRNI: Konunni minni er í nöp við piltinn.

SIGURÐUR: Það skil ég vel, afi hennar, sýslumannskepnan lét sundra heimili ömmu minnar.

ÁRNI: Hvað ertu að fjasa um löngu liðna tíð, Sigurður, gamlar ávirðingar, við erum nútímamenn.

SIGURÐUR: Ég er enginn nútímamaður. Vil ekki sjá að vera það.

ÁRNI: Gott og vel, þú hefur það eins og þú vilt. Ég sætti mig hins vegar ekki við það að dóttir mín sé döpur.

SIGURÐUR: Og hvað á ég að gera í því máli?

ÁRNI: Talaðu við piltinn, hann ætti að leita sér lækninga.

SIGURÐUR: Er hann eitthvað veikur?

ÁRNI: Ég held það, já. Það er eitthvað sem verður að reyna að bæta. Það er óþarfi nútildags að vera óhamingjusamur. Það eru til lyf sem láta fólki líða betur.

SIGURÐUR: Af hverju ertu að tala um þetta við mig. Varstu ekki að koma frá Kaupmannahöfn.

ÁRNI: Þú ert faðir hans.

SIGURÐUR: Hann er ekkert á mínum vegum.

ÁRNI: Jæja? Ef svo er ... Þá er ekki um fleira að tala.

SIGURÐUR: Nei.

ÁRNI: Ef þið gerið engilinum mínum mein þá sný ég ykkur báða úr háslíðnum! Það sver ég!

13. mynd

Böðvar, Gugga

BÖÐVAR: Juventus var að festa kaup á Platini!

GUGGA: Hver er Platini?

BÖÐVAR: Það er ekki nema einn Platini. Með Spigniev Boniek fyrir framan sig! Platini með Spigniev Boniek fyrir framan sig! Ertu ekki glöð, Gugga, ertu ekki glöð?

GUGGA: Ert þú glaður?

BÖÐVAR: Platini með Spigniev Boniek fyrir framan sig! Hvort ég er!

GUGGA: Ég geri ráð fyrir að það séu einhverjir fótoltamenn.

BÖÐVAR: Einhverjir fótoltamenn? Chaplin var ekki einhver leikari! Shakespeare var ekki einhver rithöfundur! Mozart var ekki einhver píanóleikari!

GUGGA: Karlar í stuttbuxum, tvö mörk, leðurtuðra, hvað er svona heillandi við það?

BÖÐVAR: Platini drepur útspark markvarðar á miðjum vallarhelmingi andstæðingsins. Að honum sækja þrjú turnhár ítalskir varnarmenn með morðglampa í augum. Þeir ætla að takla hann flatan? Taktu nú eftir: Platini bókstaflega gufar hann upp með boltaskrattann — eins og mexíkanskur seyðkarl - ítölsku slátrararnir grípa í tómt, Platini er farinn, horfinn og þeir rífa í hár sér og froðufella. Og hvar er Boniek? Eins og arabískur kappreiðafákur geysist Boniek fram miðjuna einmitt þegar Platini læðir tuðrunni fram yfir öxlina á honum þannig að sekúndubroti áður en markmaðurinn, nær að kýla knöttinn, þrusar Boniek tuðrunni efst í markhornið fjær. Kraftbirtingarmynd fegurðarinnar! Fullkomin samræming efnis og anda! Lífið sem skipulagður leikur. Knattspyrna er tungumál guðanna! List! Heild sem er meira en summan af eiginleikum einstaklinganna.

GUGGA: Þetta er bara fótolti!

BÖÐVAR: Sama tungumál og píkan þín og tippið mitt tala á góðum stundum!

GUGGA: Hvað með ritgerðina? Ertu ekkert að vinna í henni?

BÖÐVAR: Pabbi er að skrifa hana. Ég er að bíða eftir lokakaflanum frá honum.

GUGGA: Ég skil þig ekki lengur, Böðvar.

BÖÐVAR: Skildi Hamlet móður sína, skildi Júlíus Sesar Brútus, skildi Gunnar á Hlíðarenda Hallgerði? Hefur þú einhverntíma hitt einhvern sem skilur einhvern?

GUGGA: Ég vil allt fyrir þig gera. Ég elska þig.

BÖÐVAR: Iss, það er ekki neitt. Þegar ég sá þig fyrst skrapp hjartað upp í munninn á mér. Ég var næstum kafnaður. Það bjargaði lífi mínu að þú varst útskeif. Ég fann smávægilegan galla á þér - þú varst útskeif.

GUGGA: Ég er ekkert útskeif. Hvenær ætlarðu að byrja aftur að skrifa?

BÖÐVAR: Þegar einhver nuddar salti í sárin þá sviður. Þegar þið lítillækkið mig finn ég að kaunin eru þarna ennþá.

GUGGA: Böðvar, líttu á mig, ég hef aldrei vísitandi reynt að lítillækkað þig, ég bara veit ekki lengur hver ég er — eða hver þú ert. Og það er ekkert gaman.

BÖÐVAR: Á að vera gaman? Þér finnst að eigi að vera gaman?

GUGGA: Já, Böðvar, mér finnst að eigi að vera gaman!

BÖÐVAR: Ég hef heyrt þig segja það áður. Kristur dó á krossinum fyrir mannkynið. Var það gaman fyrir einhvern?

GUGGA: Við erum ekki að tala um krossfestinguna, við erum að tala um okkur!

BÖÐVAR: Faðir hví hefur þú yfirgefið mig! Faðir hví hefur þú yfirgefið mig! Hverju svararðu! Þú ert ekkert á mínum vegum!

GUGGA: Ég get þetta ekki, Böðvar, ég er hrædd við þig. Ég verð að fara. Ég elska þig, en ég get ekki lengur.

BÖÐVAR: (*Öskrar.*) Faðir, hví hefur þú yfirgefið mig! Hví hefur þú yfirgefið mig!

(*Böðvar sker sig á háls.*)

14. MYND

Á sjúkrahúsi. Sigurður, Ásta sitja við rúmið. Ljósið er mjór geisli á sjúkrarúminu. Í fyrsta skipti í leiknum er hreyfing í rúminu. Böðvar rís upp við dogg, hægt. Horfir á foreldra sína lengi. Loks.

BÖÐVAR: Pabbi.

SIGURÐUR: Já, vinur.

BÖÐVAR: Mig dreymdi illa.

SIGURÐUR: Ég veit.

BÖÐVAR: Það var martröð, pabbi.

SIGURÐUR: Reyndu að hvíldu þig.

BÖÐVAR: Segðu mér eitthvað. Bara eitthvað

SIGURÐUR: Þegar menn sækja sjó í gegnum brimgarð verður formaðurinn að þekkja lagið þegar það býðst. Þegar þrjár holskeflur hafa brotnað kemur lagið. Þá leggjast allir á árar og róa lífróður til að skila fleyinu heilu í vör.

BÖÐVAR: Þú ferð ekki frá mér?

SIGURÐUR: Nei. Ég fer ekki frá þér.

ENDIR.